

LEIÐBEININGAR UM
VIRÐISÁUKASKATT AF
GÓÐGERÐARSTARFSEMI

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
2	SKILYRÐI FYRIR UNÐANÞÁGU	1
2.1	UMSÆKJANDI SÉ EKKI Í VIRÐISAUKASKATTSSKYLDRI STARFSEMI	1
2.2	HAGNAÐUR RENNI AÐ ÖLLU LEYTI TIL ALMANNAHEILLAFÉLAGA	1
2.3	STARFSEMI Á ÁBYRGÐ OG FJÁRHAGSLEGRI ÁHÆTTU GÓÐGERÐARAÐILA	2
2.4	STAÐFESTING HJÁ SKATTINUM UM AÐ SKILYRÐI SÉU UPPFYLLT	2
3	UNÐANÞEGIN GÓÐGERÐARSTARFSEMI	2
3.1	BASARSALA	2
3.1.1	<i>Tímalengd basarsölu</i>	2
3.2	SÖFNUN OG SALA VERÐLÍTILLA NOTAÐRA MUNA	2
3.3	NYTJAMARKAÐIR	2
3.4	SALA LISTAVERKA	3
4	BÓKHALD	3
5	SALA Í VERSLUNUM	3
6	ENDURGREIÐSLA VIRÐISAUKASKATTS VEGNA GJAFÁ TIL MANNÚÐAR- OG LÍKNARSTOFNANA	3

1 Inngangur

Í leiðbeiningum þessum er leitast við að skýra þær reglur sem gilda um undanþágu virðisaukaskatts af góðgerðarstarfsemi.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, nær skattskyldan til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Góðgerðarstarfsemi er þó undanþegin virðisaukaskatti skv. 5. mgr. 2. gr. laganna að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Undanþágan hefur þá þýðingu fyrir viðkomandi aðila að honum ber ekki skylda til þess að tilkynna sig til skráningar á virðisaukaskattsskrá og hann þarf því ekki að leggja virðisaukaskatt (útskatt) á sölu vara en á móti hefur hann ekki heimild til þess að færa til innskatts virðisaukaskatt af keyptum aðföngum.

2 Skilyrði fyrir undanþágu

2.1 Umsækjandi sé ekki í virðisaukaskattsskyldri starfsemi

Sá sem óskar eftir undanþágu til Skattsins vegna góðgerðarstarfsemi má ekki að öðru leyti hafa með höndum sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu. Tilgangurinn sem býr að baki þeirri kröfu er sá að starfsemi af þessum toga raski ekki samkeppni við aðila í virðisaukaskattsskyldri starfsemi.

2.2 Hagnaður renni að öllu leyti til almannaheillafélaga

Eitt af skilyrðum fyrir því að heimilt sé að halda sölu vegna góðgerðarstarfsemi utan við virðisaukaskatt er að hagnaður af starfseminni renni að öllu leyti til félaga, sjóða og stofnana sem skráð eru í sérstaka almannaheillaskrá hjá Skattinum og hafa með höndum eftirtalda starfsemi:

- mannúðar- og líknarstarfsemi,
- æskulýðs- og menningarmálastarfsemi,
- starfsemi björgunarsveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda og einstakra félagseininga sem starfa undir merkjum samtakanna,
- vísindaleg rannsóknarstarfsemi,
- starfsemi sjálfstæðra háskólasjóða og annarra menntasjóða,
- neytenda- og forvarnastarfsemi,
- starfsemi þjóðkirkjunnar, þjóðkirkjusafnaða og annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga.

Renni hagnaður ekki að öllu leyti til framangreindra lögaðila ber salan virðisaukaskatt. Ekki nægir að hluti hagnaðar renni til þeirra heldur er gert að skilyrði að hagnaður renni óskiptur til þessara lögaðila.

Þau félagafarm sem falla ekki undir ákvæðið eru:

- Skráð hlutafélög og einkahlutafélög, svo og samlagshlutafélög sem eru sjálfstæðir skattaðilar.
- Gagnkvæm váttryggingar- og ábyrgðarfélag, kaupfélag og önnur samvinnufélög og samvinnufélagasambönd.
- Samlagsfélag og sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð.
- Samlög og samtök sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagaðila sinna o.fl.

2.3 Starfsemi á ábyrgð og fjárhagslegri áhættu góðgerðaraðila

Undanþága frá virðisaukaskatti vegna góðgerðarstarfsemi er bundin því skilyrði að sá sem hefur með höndum slíka starfsemi þarf að bera ábyrgð á henni að öllu leyti. Einnig þarf fjárhagsleg áhætta að liggja hjá honum. Að öðrum kosti ber að leggja virðisaukaskatt á sölu.

2.4 Staðfesting hjá Skattinum um að skilyrði séu uppfyllt

Það er skilyrði fyrir undanþágu að Skatturinn hafi gefið út staðfestingu að starfsemin uppfylli þau skilyrði sem nefnd eru í köflum 2.2 og 2.3. Nauðsynlegt er að afla slíkrar staðfestingar áður en góðgerðarstarfsemi hefst enda má að öðrum kosti gera ráð fyrir því að ríkisskattstjóri beiti heimild sinni til að ákvarða virðisaukaskatt vegna viðkomandi starfsemi.

3 Undanþegin góðgerðarstarfsemi

Hugtakið „góðgerðarstarfsemi“ er ekki skilgreint nákvæmlega í tilvitnuðu ákvæði 5. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Á hinn bóginn er með tæmandi hætti tilgreind sú starfsemi sem fellur undir undanþáguna, sbr. nánar í meðfylgjandi umfjöllun.

Nauðsynlegt er að halda bókhald yfir viðskiptin þannig að hægt sé að leggja fram gögn sem sýni að hagnaður hafi öllum verið varið til lögaðila sem skráðir eru í almannaheillaskrá Skattsins. Nánari upplýsingar um bókhaldsskyldu í kafla 4.

3.1 Basarsala

Basarsala, merkjasala og önnur hliðstæð sala, þ.m.t. sala í netverslun, telst til góðgerðarstarfsemi í skilningi ákvæðisins enda vari starfsemin ekki lengur en 5 daga í hverjum mánuði eða í 25 daga ef atburðurinn er árlegur. Til basarsölu getur t.d. talist kökubasar eða jólabasar. Með merkjasölu er átt við sölu góðgerðarfélaganna á merkjum og öðrum táknrænum hlutum sem yfirleitt er ekki í samræmi við verðmæti merkisins, þ.e. það er selt á mun herra verði en raunverulegt virði merkisins er. Oftast er um að ræða fjáröflun fyrir félagið sem selur. Undir hliðstæða sölu getur til að mynda fallið sala jóladagatala og flugelda.

3.1.1 Tímalengd basarsölu

Sami aðili getur ekki bæði haft með höndum annars vegar basarsölu, merkjasölu eða aðra hliðstæða starfsemi fimm daga í hverjum mánuði og hins vegar einnig sölustarfsemi einu sinni á ári sem varir í 25 daga. Eingöngu annað getur átt við.

3.2 Söfnun og sala verðlittilla notaðra muna

Söfnun og sala á verðlittlum notuðum munum er heimilt að halda utan við virðisaukaskatt en skilyrði er að eingöngu sé selt til skattskyldra aðila.

3.3 Nytjamarkaðir

Sala nytjamarkaða á notuðum munum telst til góðgerðarstarfsemi í skilningi ákvæðisins hafi seljandi hafi fengið munina afhenta án endurgjalds.

3.4 Sala listaverka

Til góðgerðarstarfsemi telst sala á listaverkum enda falli þau undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000. Það er ekki gert að skilyrði að listamaðurinn sjái sjálfur um söluna, eins og skilyrt er í 2. tölul. 4. gr. laganna.

4 Bókhald

Sá sem hefur með höndum góðgerðarstarfsemi í skilningi framangreinds ákvæðis skal halda bókhald fyrir hvert einstakt viðfangsefni til sönnunar á því að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt. Að öðrum kosti er ríkisskattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt af starfseminni ásamt því að leggja á álag og dráttarvexti.

5 Sala í verslunum

Kjósi sá sem hefur með höndum góðgerðarstarfsemi í skilningi framangreinds ákvæðis að fela verslun að selja tilteknar vörur í umboð sínu þurfa tiltekin skilyrði að vera uppfyllt svo að versluninni sé heimilt að selja vörurnar án virðisaukaskatts.

1. Salan skal fara fram í nafni þess sem hefur með höndum góðgerðarstarfsemi, fyrir hans reikning á grundvelli skriflegs samnings við viðkomandi verslun. Samningur aðila er bókhaldsgagn verslunarinnar.
2. Salan telst ekki til tekna hjá viðkomandi verslun enda verði salan sérstaklega aðgreind frá almennri sölu verslunarinnar.
3. Ekki skal stimpla sölu varanna í sjóðvél verslunarinnar eða tilgreina sölu á sölureikningum, heldur skal færa sölu daglega á staðgreiðslusölulista sem skulu vera fyrir fram tölusettir í samfelldri töluröð.
4. Söluuppgjör skal fara fram þar sem fjöldi vara sem fengnar voru frá söluaðila kemur fram ásamt fjölda skilaðra vara að lokinni sölu og heildarsöluverð ásamt fjölda seldra vara.
5. Söluuppgjör skal staðfest af forráðamönnum eða öðrum ábyrgum starfsmanni viðkomandi verslunar og geymd í bókhaldi hennar og aðila sem ábyrgur er fyrir sölunni.

6 Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna gjafa til mannúðar- og líknarstofnana

Endurgreiða skal virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi. Með mannúðar- og líknarstofnunum í þessu sambandi er átt við starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnarféлага, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi. Endurgreiðslan er háð því skilyrði að ekki séu fjárhagsleg tengsl á milli gefanda og gjafþega.